

SAMÞYKKT

um hundahald á Hofsósi.

1. gr.

Hundahald er bannað á Hofsósi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum á Hofsósi undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sett er samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit hundahalds.
- c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá váttryggingarfélagi, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundur skal aldrei ganga laus, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli er höfð um hönd.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró íbúa Hofsóss og séu hvorki þeim né öðrum sem um staðinn fara, til óþæginda.
- f) Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ.á.m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirsmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- g) Leyfilegt er að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarleg brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.